

Ágæti umráðamaður búfjár

Matvælastofnun biður þig vinsamlegast að kynna þér vel þær leiðbeiningar sem hér eru gefnar um færslu og skil haustskýrslu búfjárefartilits 2013. Vakin er athygli á að eigendum búfjár gefst tækifæri á að skila haustskýrslu á rafrænu formi. Þeir sem kjósa að nýta sér þann möguleika geta nálgast aðgang að haustskýrslu sinni á síðunni www.bustofn.is

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má finna á www.bustofn.is auk heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is. Á heimasíðu stofnunarinnar má einnig nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fódurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjáreftilitsmenn.

Aðgengi að haustskýrslu í **Bústofni** er fengið með innskráningarkerfi Ísland.is. Þar er hægt að velja á milli þess að nota rafræn skilríki á snjallkorti eða Íslykil.

Sérstök athygli er vakin á allir útreikningar fódurbirgða eru auðveldaðir þegar haustskýrslu er skilað á rafrænan máta. Þeir sem kjósa að skila haustskýrslum framvegis á rafrænu formi geta afþakkað frekari pappír með því að skrá í valkvæðan reit á haustskýrslunni. Sama á við vilji menn heimila að tryggingafélagi (VÍS) verði veittar upplýsingar um bústofn sinn.

Skrá skal uppskeru grænófóðurs auk þess sem skrá skal stærðir á því landi sem nýtt er til fódurframleiðslu. Sé um að ræða land í eigu annarra skal engu að síður skrá þær landstærðir á haustskýrslu. Fóðureiningar grænófóðurs og rúmþyngd þess er sjálfvalin þegar haustskýrslu er skilað á rafrænan hátt í Bústofni.

Þeim vilja heimila að upplýsingum um bústofn sinn og fódur séu afhentar til tryggingafélags er bent á að skrá slíka heimild í sérstaka reit á í Bústofni.

Óskað er eftir að farið verði yfir forskráðar upplýsingar og að umráðamenn búfjár geri viðvart ef um ranga skráningu er að ræða. Nýskráningu umráðamanns búfjár eða breytingar umráðamanna skal tilkynna viðeigandi búfjáreftilitsmanni. Aðrar athugasemdir og eða beiðnir um leiðréttingar á forprentuðum upplýsingum skal vísa til Matvælastofnunar, í síma 530-4800 eða með tölvupósti mast@mast.is

Einnig viljum við vekja athygli á að eingöngu er einn umráðamaður búfjár skráður á hvert búsnúmer.

Sérstök athygli er vakin á að skila skal haustskýrslu eigi síðar en 20. nóvember n.k. hvort heldur skilað er rafrænt eða á pappírformi til búfjáreftilitsmanna.